

Nd.

55. Frumvarp til laga

um útgerðarsamvinnufélög.

Flm.: Bergur Jónsson, Gísli Guðmundsson, Bjarni Ásgeirsson.

1. gr.

Markmið útgerðarsamvinnufélaga er að reka fiskveiðar á samvinnugrundvelli og að annast í sambandi við þær innkaup á vörum, hagnýting afla, sölu hans o. fl.

2. gr.

Nú vilja menn stofna útgerðarsamvinnufélag, og skulu þeir þá kveðja til fundar á því svæði, sem félaginu er ætlað að ná yfir, og bera málið upp til umræðu og atkvæða. Ef 5 menn eða fleiri verða ásáttir um stofnun slíks félags og bindast samtökum um að gerast meðlimir þess, skulu þeir, að fengnu samþykki hlutaðeigandi bæjar- eða sveitarstjórnar til félagsstofnunarinnar, setja félaginu samþykktir í samræmi við lög þessi, og skal leita staðfestingar ríkisstjórnarinnar á þeim.

3. gr.

Félagar útgerðarsamvinnufélags geta þeir einir orðið, sem ráðast hjá félaginu, á skip þess eða í landi. Með samþykki lögmæts félagsfundar má auk þess taka inn í félagið menn, sem styrkja vilja það með þátttöku sinni, þótt eigi séu þeir ráðnir starfsmenn félagsins.

Óheimilt er að ráða fasta starfsmenn hjá félaginu í landi eða skipverja á skip þess, nema þeir um leið gerist félagar og undirriti yfirlýsingu um, að þeir hlýði lögum félagsins eins og þau eru á hverjum tíma. Undantekningu má þó gera frá þessu að því er snertir ráðningu skipverja í forföllum annara, ef brýn nauðsyn krefur.

Inngangseyrir sé 10 kr. frá hverjum félagsmanni, er renni í varasjóð.

4. gr.

Sérhver félagi útgerðarsamvinnufélags ber takmarkaða áhyrgð á skuldhind-ingum félagsins, sem miðast við 500 krónur.

5. gr.

Félagsmaður, er fer úr félaginu, eða bú þess, sem deyr, ber ábyrgð samkvæmt 4. gr. á skuldbindingum félagsins, er á því hvildu, er bann gekk úr, þó eigi lengur en tvö ár frá næstu áramótum eftir úrgöngu, nema risið hafi mál út af skaða, er félagið hefir orðið fyrir meðan hann var í því, er biði úrskurðar dómstólanna.

6. gr.

Á skip útgerðarsamvinnufélags skulu skipverjar ráðnir gegn ákveðnum hluta af afla, og skal hlutur vera full greiðsla fyrir vinnu skipverja. Skal fyrirkomulag hlutaskiptanna ákveðið í stofnsamþykktum félagsins, og þá jafnframt, að hlutur skuli hækka eða lækka við uppgerð í samræmi við rekstrarafkomu félagsins eftir á.

7. gr.

Í varasjóð útgerðarsamvinnufélags greiðist árlega 2% af óskiptum ársafla félagsins, miðað við verð afla upp úr skipi, og 2% af kaupum fastra starfsmanna félagsins, sem ekki eru hlutarmenn. Í varasjóð skal og greiða árlegan tekjuafgang félagsins, og skulu ársvextir lagðir við höfuðstólinn.

Fé varasjóðs má nota sem veltufé í þarfir félagsins.

Við félagsslit skal innieign varasjóðs ráðstafað á sama hátt og segir í síðustu málsgl. 8. gr. um innstæðufé tryggingarsjóðs.

8. gr.

Í samþykktir útgerðarsamvinnufélags skal setja ákvæði um tryggingarsjóð, er standi til tryggingar lánnum úr Fiskveiðasjóði og þar næst öðrum lánnum félagsins. Tekjur sjóðsins skulu vera þær, sem hér segir:

1. Árlegt gjald, 1½% af óskiptum ársafla félagsins, miðað við verð afla upp úr skipi, og 1½% af kaupum fastra starfsmanna félagsins, sem ekki eru hlutarmenn.
2. Árlegt tillag frá hlutaðeigandi bæjar- eða hreppsfélagi, er nemi jafnhárri upphæð og árgjald samkv. tölul. 1 verður árlega.

Tryggingarsjóður skal ávaxtaður í Fiskveiðasjóði Íslands, og skulu vextir af honum lagðir við höfuðstól um hver áramót.

Félag eða stjórn þess getur ekki ráðstafað innstæðu tryggingarsjóðs, og óheimilt er að skerða sjóðinn til lúkningar skuldum félagsins, nema félagið sé tekið til gjaldþrotaskipta.

Nú nemur innstæða tryggingarsjóðs orðið svo hárra upphæð, miðað við skuldir félagsins og eignir, að lánstrausti þess og framtíðarrekstri sé borgið, að dómi stjórnar Fiskveiðasjóðs og ríkisstjórnarinnar, og getur þá atvinnumálaráðherra heimilað, að árlegar greiðslur til sjóðsins falli niður að nokkru eða öllu leyti um ákveðinn tíma.

Innstæðufé tryggingarsjóðs sé ekki útborgað við félagsslit, heldur skal það þá ávaxtað áfram í Fiskveiðasjóði á nafni hlutaðeigandi bæjar- eða hreppsfélags, unz annað útgerðarsamvinnufélag tekur þar til starfa. Rennur féð þá í tryggingarsjóð þess félags, að áskildu samþykki bæjar- eða sveitarstjórnar þeirrar, sem hlut á að máli.

9. gr.

Fjárreiðum hvers einstaks skips útgerðarsamvinnufélags skal haldið aðgreindum í bókhaldi félagsins, þannig að sjá megi á hverjum tíma rekstrarafkomu þess. Um reikningsskil fer að öðru leyti eftir ákvæðum laga um samvinnufélög, nr. 36 frá 1921.

10. gr.

Forstjórar útgerðarsamvinnufélaga skulu samþykktir af ríkisstjórn. Um stjórn, endurskoðun, félagsfundir, úrgöngu og brottrekstur félagsmanns fer að öðru leyti eftir ákvæðum laga um samvinnufélög, nr. 36 frá 1921. Um skrásetningu og félagsslit fer eftir ákvæðum sömu laga.

11. gr.

Útgerðarsamvinnufélag, sem stofnað verður samkvæmt lögum þessum, svo og þau útgerðarfélög, sem þegar eru stofnuð og ríkið er í ábyrgð fyrir, skulu vera undir eftirliti Skipaútgerðar ríkisins. Kaup skipa og skipsvéla fyrir félögin skulu vera bundin samþykki þeirrar stofnunar, enda ber henni skylda til að veita félögunum nauðsynlega aðstoð og leiðbeiningar við slík kaup. Hún skal og á hverju ári senda stjórnarráðinu umsögn sína um efnahag og afkomuhorfur félaganna.

12. gr.

Samþykktum þeirra útgerðarfélaga, sem nú eru starfandi og ríkið er í ábyrgð fyrir, skal breytt í samræmi við lög þessi, og ber sýslumönnum og bæjarfógetum að sjá um, hverjum í sínu umdæmi, að þetta verði gert eins fljótt og við verður komið.

13. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frv. til l. um útgerðarsamvinnufélög var flutt á síðasta Alþingi, og kemur nú fram með nokkrum breytingum.

Á undanförunum árum hafa framleiðslutæki sjávarútvegsins víða gengið mjög úr sér, án þess að ný tæki kæmu í staðinn, er fullnægðu kröfum nútímans og atvinnu- og framleiðsluþörf hins mikla fjölda landsmanna, er býr við sjávarsiðuna. Þetta hefir valdið svo miklu atvinnuleysi og fjárhagsvandráðum í bæjum og kaupúnum, að nokkur þeirra hafa komizt í fullkomin fjárprot. Til þess að bæta úr þessu ástandi, hefir ríkið hvað eftir annað orðið að hlaupa undir bagga og ganga í ábyrgðir fyrir útgerðarfélög, sem stofnuð hafa verið þar, sem mest hefir sorfið að. Þessa leið hefir orðið að fara vegna þess, að hlutaðeigandi félög hefir skort bæði fé og lánstraust til að kaupa skip og annað, sem fyrirtækin þörfuðust.

Nú verður varla deilt um það, að ríkisábyrgðir í stórum stíl eru næsta varhugaverðar. Það er því fullkomin þörf á því, að fundin verði leið til þess að afla

Þessum atvinnufyrirtækjum nauðsynlegs lánstrausts á einhvern annan hátt en með ríkisábyrgð.

Það, sem meðal annars hefir einkum staðið í vegi fyrir nauðsynlegu láns-
trausti til handa þessum fyrirtækjum, er sjóveðshætta sú, sem á skipum hvílir
samkvæmt gildandi lögum. Hún hefir meðal annars orðið þess valdandi, að láns-
stofnanir hafa ekki þorað að lána út á fyrsta veðrétt skipanna, nema svo litinn
hluta af verði þeirra, að það hefir að öllum jafnaði verið ófullnægjandi.

Með frumvarpi þessu er meðal annars að mestu leyti ráðin bót á þessu. Þar
er reynt hvorttveggja í senn, að skapa þessum atvinnufyrirtækjum öruggan láns-
traustsgrundvöll til að reisa á útgerðina, og að tryggja heilbrigðan og sjálfstæðan
framtiðarrekstur þeirra.

Jafnframt þessu frumvarpi verður lagt fyrir Alþingi frumvarp til laga um
breytingar á lögum um Fiskveiðasjóð Íslands, þar sem sjóðnum er heimilað að
lána mun meira en nú er gert út á skip útgerðarsamvinnufélaga, og um leið
gert ráð fyrir, að hann verði efldur svo að starfsfjármagni, að hann geti að
verulegu leyti bætt úr hinnu brýnu lánsþörf til smáskipakaupa.

Nánar í framsögu.